

*bænda*  
FERÐIR

## TÖFRAR SUÐUR-FRAKKLANDS



**10. – 19. júní 2023**

**Fararstjórn: Þórhallur Vilhjálmsón**

Sumar 8

Frakkland | Sviss

## Ferðalýsing

Þessi ljúfa og glæsilega ferð er um hið rómaða **Provence** hérað og hina stórfenglegu Alpa. Ferðin byrjar á flugi til Genf í Sviss en þaðan höldum við rakiðis til **Lyon** sem stendur við árbakka Rhône í Frakklandi. Leiðin liggur síðan suður til **Camargue** svæðisins sem er friðlýst vatnasvæði, myndað af árframburði Rhône árinna í Provence héraðinu. Okkar samastaður er í útjaðri bæjarins **Aigues Mortes** sem er yndislegur miðaldabær. Umhverfis hann stendur enn afar heillegur borgarmúr. Þaðan verður farið í skemmtilegar skoðunarferðir til **Arles**, einnar af þeim Suður-Frakklands, klettabæjarins **Les Baux** og að **Pont du Gard** vatnsleiðslubrúnni frá tímum Rómverja. Hin töfrandi **Avignon**, borg páfans á 14. öld, verður heimsótt og farið í vínsmökkun í héraðinu **Châteauneuf du Pape** sem er með frægustu vínhéruðum landsins. Einnig verður komið til fallega bæjarins **Saintes Maries de la Mer**, pílgrímsbæjar sígauna í Evrópu, og eigum skemmtilegan dag í gömlu rómversku borginni **Nimes** sem á sér yfir 2.000 ára sögu. Endum þessa glæsilegu ferð með trompi í borginni Nice við Cote d'Azur í Frakklandi.

**10 dagar | 9 nætur**

2 nætur Lyon | 7 nætur Aigues Mortes



### 10. júní | Flug til Genf & Lyon

Brottför frá Keflavík kl 7:20. Mæting í Leifstöð um 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Genf kl. 13:00 að staðartíma. Þaðan verður ekið til Lyon í Frakklandi, þar sem gist verður fyrstu tvær næturnar. Kvöldverður á eigin vegum.

### 11. júní | Dagur í Lyon & frjáls tími

Eftir morgunverð verður farið í skoðunarferð um Lyon sem er með einstakt andrúmsloft, geymir um 2000 ára sögu og er önnur fjölmennasta borg Frakklands. Við skoðum elsta hluta borgarinnar, St. Jean, sem stendur á tanganum þar sem árnar Rhône og Saône mætast. Þar eru torgin Place des Terreaux og Place Bellecour sem teljast með stærstu torgum Evrópu. Eftir skemmtilega skoðunarferð gefst tími til að skoða sig um á eigin vegum í þessari fallegu borg. Kvöldverður á eigin vegum.



## 12. júní | Pont du Gard & Aigues Mortes

Í dag verður ekið til Aigues Mortes en á leiðinni þangað verður stoppað við Pont du Gard, hæstu vatnsleiðslubrú Rómverja. Margir telja hana eitt mesta meistaraverk byggingarlistar þeirra tíma. Brúin, sem var notuð í 400-500 ár, er 49 m há og liggja vatnsleiðslurnar til nágrannaborgarinnar Nîmes. Þegar við höfum virt fyrir okkur þessa tilkomumiklu brú höldum við áfram til Aigues Mortes. Bærinn er lítill en líflegur með heillegu og fallegu borgarvirki frá miðöldum. Hér var ein mikilvægasta höfnin við Miðjarðarhafið en þess má geta að frá Aigues Mortes sigldi Ludvig heilagi í krossferðir sínar. Hér verður gist í sjö nætur á hóteli í útjaðri bæjarins. Á hótelinu er stór garður og útisundlaug.



## 13. júní | Arles & Les Baux

Nú verður ekið sem leið liggur suður til bæjarins Arles, einnar af perlum Suður-Frakklands. Farið verður í skoðunarferð um þennan líflega bæ þar sem við skoðum meðal annars hið margrómaða rómverska hringleikahús og leikhús. Einnig fetum við í fótspor listamannsins Van Gogh en hann bjó þar um tíma og málaði mörg sín þekktustu verk, þ.á m. mynd af spítalanum sem hann lá á eftir að hafa skorið af sér eyrað og Gula kaffihúsið sem staðsett er á Forum torginu en upplagt er að kíkja þar við og fá sér smá hressingu. Eftir frjálsan tíma verður ekið til ævintýrabæjarins Les Baux sem var áður fyrr miðstöð trúbadora og mótmælenda. Ólýsanleg fegurð umvefur staðinn og útsýnið er ægífagurt.



## 14. júní | Sigling & frjáls dagur í Aigues Mortes

Nú ökum við inn að miðaldabænum Aigues Mortes. Byrjað verður á að fara í skemmtilega siglingu um síkin langleiðina suður að Miðjarðarhafi en bærinn stendur einungis í 6 km fjarlægð frá hafinu. Á leiðinni gefur m.a. að líta merkilegar salttjarnir sem gaman er að sjá. Þegar komið verður á staðinn gefst hverjum og einum færi á að skoða Aigues Mortes eftir eigin hentugleika og fá sér hádegishressingu.

## 15. júní | Camargue & Saintes Maries de la Mer



Í dag munum við eiga töfrandi dag þegar við ökum um friðlýsta vatnasvæði Camargue, sem myndað er af árframburði Rónar. Þar er stundum hægt að sjá flamingóa, svört naut og hvíta, arabíska hesta í hópum, sem er afar tilkomumikið. Á þessari leið verður stoppað í bænum Saintes Maries de la Mer, pílgrímsbæ evrópskra sígauna, og munum við skoða okkur um og njóta þess sem bærinn og bæjarbúar hafa upp á að bjóða.

## 16. júní | Avignon & Châteauneuf du Pape



Við fetum í fótspor páfans í Avignon í dag. Þar verður að við höllina sem var bústaður páfans á 14. öld og farið í stutta skoðunarferð um þessa gömlu og yndislegu virkisborg við ána Rón en síðar gefst frjáls tími. Áhugasömum gefst einnig tækifæri á að skoða frægu brúna St. Bénézet þar sem kapella heilags Bénézet er staðsett. Við munum enda daginn á ljúfum nótum og notalegu spjalli í vínsmökkun í héraðinu Châteauneuf du

Pape sem er með þekktari vínhéruðum landsins.

## 17. júní | Skemmtilegur dagur í Nimes & frjáls tími

Í dag munum við eiga skemmtilegan dag í gömlu rómversku borginni Nimes. Borgin súa sér yfir 2.000 ára sögu og er ekki að ástæðulausu einn af áhugaverðari stöðum Suður-Frakklands. Farið verður í göngu um þessa ljúfu borg en þar eru miklar minjar frá tímum Rómverja, meðal annars gömlu virkisveggirnir, hringleikahúsið og hofið sem byggt var til heiðurs Gaius og Lucius, sem voru stjúpsynir Ágústusar keisara. Eftir gönguferðina gefst hverjum og einum tækifæri á að virða borgina fyrir sér og skoða nánar það sem heillar. Einnig er upplagt að fá sér hressingu og líta inn á kaupmenn borgarinnar.

## 18. júní | Frjáls dagur Aigues Mortes í slökun

Rólegheit og slökun er á dagskrá hjá okkur í dag og nú er upplagt að nota aðstöðuna við hótelið. Jafnvel væri hægt að fara í gönguferð inn í bæinn.



## 19. júní | Nice & heimflug

Nú er komið að heimferð og eftir góðan morgunverð bíður okkar dásamlega borgin Nice við Cote d'Azur í Frakklandi. Það er ekki annað hægt en að hrífast af bæjarstæði hennar við Englaflóann og eins að borginni sjálfri. Nice er í hópi gömlu, grísku borganna en víðsvegar um hana standa glæsilegar byggingar, einskona minnisvarðar liðins tíma. Hér er alltaf mikið um að vera og borgin bókstaflega iðar af mannlífi allt árið um kring. Við förum í stutt bæjarrölt og eftir það verður frjáls tími til að fá sér hressingu og líta inn á kaupmenn borgarinnar. Upplagt er að fá sér kvöldverð inn í borg áður en lagt verður stað út á flugvöll. Brottför þaðan er kl. 23:25 og landing í Keflavík kl. 01:40 að staðartíma aðfaranótt 20. júní.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



## Verð

**289.500 kr. á mann í tvíbýli |**  
55.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á öllum hótelum.
- ✓ Sjö kvöldverðir.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir, hringleikahús og kirkjur.
- ✓ Siglingar.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Einn kvöldverður í Lyon.
- ✓ Þjóf fé.

## Valfrjálst

- ✓ Pont du Gard u.þ.b. € 6
- ✓ Sigling frá Aigues Mortes u.þ.b. € 20
- ✓ Vínsmökkun í Châteauneuf du Pape u.þ.b. € 20

